



Fræðsla um persónuvernd fyrir umsækjendur um störf hjá Landsbankanum

Landsbankinn leggur ríka áherslu á persónuvernd starfsfólks bankans. Hér að neðan er veitt fræðsla um hvaða persónuupplýsingum Landsbankinn safnar og vinnur um einstakling sem sækir um starf hjá bankanum (einning nefndur „umsækjandi“ eða „þú“). Fræðslan er hluti af **persónuverndarstefnu Landsbankans** (einnig nefndur „bankinn“ eða „við“) þar sem nánari upplýsingar má finna m.a. um réttindi þín á grundvelli laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (hér eftir „persónuverndarlög“).

Landsbankinn telst ábyrgðaraðili að þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem er nauðsynleg í tengslum við úrvinnslu umsóknar þinnar um starf hjá bankanum eða dótturfélögum bankans. Með starfsumsókn staðfestir þú að þær upplýsingar sem þú veitir bankanum séu sannar og réttar.

1. Hvaða persónuupplýsingum söfnum við um þig?

Við söfnum og varðveitum ýmsar persónuupplýsingar um umsækjendur um störf og upplýsingaöflunin fer að hluta til eftir eðli þess starfs sem sótt er um. Almenn t biðjum við þig sjálfan um að afhenda okkur upplýsingarnar en eftir atvikum getur bankinn jafnframt aflað upplýsinga um þig frá umsagnaraðilum sem þú gefur upp, t.d. í ferilskrá.

Eftirfarandi eru dæmi um upplýsingar sem bankinn vinnur um umsækjendur:

- Samskiptaupplýsingar, t.d. nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, netfang og stafrænt auðkenni, s.s. rafræn skilríki
- Upplýsingar úr umsóknarferli, t.d. starfsumsókn, ferilskrá, upplýsingar um menntun, þjálfun, hæfni, starfsferil og starfsreynslu, ljósmynd og aðrar upplýsingar sem þú kýst að gefa upp, s.s. um fjölskylduhagi og/eða áhugamál
- Upplýsingar um þig frá meðmælendum sem þú gefur upp
- Upplýsingar úr starfsviðtölum eða öðrum gögnum sem verða til í ráðningarferlinu
- Eftir atvikum, upplýsingar sem þriðji aðili býr yfir um þig ef þú ákveður að tengja slík gögn við starfsumsókn þína, s.s. af samfélagsmiðlun eins og LinkedIn.

Ef til þess kemur að bankinn muni bjóða þér starf kann bankinn að óska eftir sakavottorði ásamt annars konar upplýsingum sem staðfesta menntun þína og reynslu, s.s. prófskírteini. Jafnframt mun bankinn óska eftir samþykki þínu til upplýsingaöflunar um fjárhagslegar skuldbindingar þínar, þ.m.t. í gagnagrunnum bankans og/eða þriðja aðila um fjárhagsmálefni og lánstraust.

Vakin er athygli á því að eftir atvikum kemur fram í auglýsingu um starf ef bankinn notast við þjónustu þriðja aðila á sviði ráðninga, t.d. við móttöku og úrvinnslu starfsumsókna. Sá samstarfs- og/

eða vinnsluaðili ber ábyrgð á þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í starfsemi hans eins og nánar er lýst í persónuverndarstefnu viðkomandi. Slíkur aðili getur, með heimild þinni, safnað umfangsmeiri upplýsingum um þig en bankinn ef þú kýst að nota þjónustu þeirra vegna umsóknar um önnur störf en hjá bankanum.

2. Hvers vegna söfnum við upplýsingum um þig og á hvaða grundvelli?

Bankanum er nauðsynlegt að safna persónuupplýsingum um þig svo hægt sé að leggja mat á hæfni þína til að gegna því starfi sem sótt er um. Upplýsingarnar eru unnar í tengslum við umsókn þína um starf hjá félaginu, þ.e. á grundvelli umsóknar þinnar um gerð ráðningarsamnings við bankann.

Komi til þess að bankinn óski eftir framvísun sakaskrár, upplýsingum um fjárhagslegar skuldbindingar þínar eða upplýsingum frá umsagnaraðilum (meðmælendum) eru þær unnar á grundvelli samþykkis þíns í þeim tilgangi að velja hæfasta einstaklinginn í starfið hverju sinni og staðfesta fjárhagslegt heilbrigði og hreina sakaskrá.

Vert er að nefna að ef þú ákveður að veita bankanum ekki nauðsynlegar upplýsingar í ráðningarferli getur slíkt leitt til þess að bankinn geti ekki ráðið þig til starfa.

3. Með hverjum deilum við persónuupplýsingum þínum?

Aðgangur að upplýsingum um umsækjendur takmarkast við mannauðsdeild bankans, stjórnendur og næstu yfirmenn þess starfs sem sótt er um.

Umsóknargögn þín ásamt öðrum persónuupplýsingum sem þú kýst af afhenda eru einnig aðgengileg vinnsluaðilum bankans sem m.a. veita upplýsingatækniþjónustu þar sem persónuupplýsingar þínar kunna að vera hýstar eða gerðar aðgengilegar.

4. Hve lengi varðveitum við upplýsingarnar?

Upplýsingar þínar eru varðveittar á öruggan hátt í samræmi við lög, reglur og stefnur bankans. Umsókn þín er aðgengileg í kerfum bankans í 6 mánuði. Að þeim tíma liðnum eru upplýsingar þínar eingöngu varðveittar í þágu skjalavörslu í samræmi við lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og er aðgangur að upplýsingunum afar takmarkaður.

Bankinn mun ekki miðla persónuupplýsingum út fyrir Evrópska efnahagssvæðið nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar.

5. Þín réttindi gagnvart okkur?

Þú getur hvenær sem er afturkallað starfsumsókn þína og með því heimild bankans til að safna og vinna persónuupplýsingar um þig varðandi umsóknina. Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á söfnun þeirra upplýsinga fram að afturkölluninni.

Þú getur lesið þér nánar til um önnur réttindi sem persónuverndarlög kveða á um, m.a. til aðgangs að eigin persónuupplýsingum, í VI. kafla [persónuverndarstefnu Landsbankans](#).

6. Útgáfa

Útgáfa 2.0, gildir frá 15.06.2021.